

ORÐASAFN Í LÍFFÆRAFRÆÐI

I. STODKERFI

ENSKA - LATÍNA - ÍSLENSKA

Fyrsta útgáfa

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

2013

Íðorðarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 3

Ritstjóri:

Jóhann Heiðar Jóhannsson

Ritstjórn:

Hannes Petersen

Jóhann Heiðar Jóhannsson

Ágústa Þorbergsdóttir

Orðanefnd Læknafélags Íslands:

Jóhann Heiðar Jóhannsson

Eyjólfur Þ. Haraldsson

Magnús Jóhannsson

Umbrot og uppsetning:

Ágústa Þorbergsdóttir

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis rétthafa og útgefanda.

Reykjavík 2013

© Orðanefnd Læknafélags Íslands

ISBN 978-9979-654-27-8

Prentun: Leturprent

ORÐASAFN Í LÍFFÆRAFRÆÐI

I. STOÐKERFI

ENSKA - LATÍNA - ÍSLENSKA

Fyrsta útgáfa

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

2013

Efnisyfirlit

Formáli	5
Almenn heiti í stoðkerfi	7
Stoðkerfi höfuðs	12
Bein höfuðs	12
Liðamót höfuðs	14
Vöðvar höfuðs.....	16
Stoðkerfi háls	18
Bein háls	18
Vöðvar háls	18
Stoðkerfi baks	20
Bein baks	20
Liðamót baks	20
Vöðvar baks.....	21
Stoðkerfi brjósts	24
Bein brjósts	24
Liðamót brjósts	25
Vöðvar brjósts.....	26
Stoðkerfi kviðar	27
Vöðvar kviðar	27
Stoðkerfi grindarbotns	27
Vöðvar grindarbotns	27
Stoðkerfi efri útlims	28
Bein efri útlims.....	28
Liðamót efri útlims.....	30
Vöðvar efri útlims	30
Stoðkerfi neðri útlims	34
Bein neðri útlims	34
Liðamót neðri útlims	36
Vöðvar neðri útlims.....	37
Enskur orðalisti	42
Íslenskur orðalisti	49
Eftirmáli	56

Formáli

Efni í þetta orðasafn er fengið úr Íðorðasafni lækna, fyrst og fremst útgáfu Orðabókarsjóðs læknafélaganna á Líffæraheitunum árið 1995, sem aftur byggðist á alþjóðlegu líffæraheitunum, Nomina Anatomica, frá 1989. Íslenska útgáfan birti latnesk og íslensk líffæraheiti í kerfisröð og latnesk-íslenska og íslensk-latneska orðskrá, samtals 480 blaðsíður. Hugmynd kom fram vorið 2013 í Orðanefnd Læknafélags Íslands (<http://www.lis.is/ordanefnd-li>) um að þörf gæti verið á nýrri útgáfu, sem byggð yrði á alþjóðlegu líffæraheitunum, Terminologia Anatomica, sem tóku við af Nomina Anatomica. Ljóst var að birta þyrfti einnig ensku líffæraheiti og íslenskar skilgreiningar eða lýsingar allra hugtaka. Hugmyndin var kynnt fyrir Hannesi Petersen, dósent í líffærafræði, og ákveðið að fyrsta útgáfa takmarkaðist við stoðkerfið, þ.e. bein, liðamót og vöðva. Mynduð var ritstjórn og hafist handa af krafti í maí 2013. Verkaskipting var þannig að Jóhann Heiðar Jóhannsson, annaðist frumvinnu, þ.e. að draga íslensku og latnesku heiti úr Íðorðasafni lækna í Orðabankanum, bera saman við Terminologia Anatomica, setja inn ensku heiti og gera drög að skilgreiningum hugtaka. Hannes Petersen fór síðan jafnóðum yfir allt efnið og lagfærði eða endurgerði skilgreiningarnar. Orðanefnd Læknafélags Íslands annaðist almennan yfirlestur og Ágústa Þorbergsdóttir var til ráðgjafar um málfræðileg atriði. Ágústa sá síðan um uppsetningu textans og umbrot.

Heftið skiptist í kerfisraðaðan hluta með almennum og sértækum heitum í stoðkerfi líkamans og stafrófsraðaðan hluta með ensk-íslenskum og íslensk-enskum orðalistum. Þessari uppröðun er ætlað að uppfylla mismunandi þarfir sem flestra þeirra sem sérstakan áhuga hafa á líffærafræði mannsins, s.s. nemenda, kennara og starfsmanna í heilbrigðisþjónustu.

Þar sem hér er að vissu marki um tilraunaútgáfu að ræða eru athugasemdir um það, sem betur mætti fara í þessu hefti, vel þegnar (ordanefnd@lis.is).

Þakkir

Sérstakar þakkir fá starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Neshaga 16, sem hafa verið óþreytandi að gefa góð ráð, hvenær sem til þeirra hefur verið leitað, og að taka þátt í umræðu um íslensk orð og læknisfræðileg heiti. Stofnunin í heild fær þakkir fyrir frábæra aðstöðu til vinnslunnar og Læknafélag Íslands fyrir tölvubúnað og stuðning við orðanefndina og íðorðastarfið.

Almenn heiti í stoðkerfi

abduction

- **latína:** abductio
- **íslenska:** fráfærsla

Hreyfing líkamshluta, s.s. útlims, frá miðlínu.

abductor

samheiti: abductor muscle

- **latína:** abductor
- samheiti:* musculus abductor
- **íslenska:** fráfærir
- samheiti:* fráfærsluvöðvi

Vöðvi sem hreyfir líkamshluta, s.s. útlím, frá miðlínu

adduction

- **latína:** adductio
- **íslenska:** aðfærsla

Hreyfing líkamshluta, s.s. útlims, að miðlínu.

adductor

samheiti: adductor muscle

- **latína:** adductor
- samheiti:* musculus adductor
- **íslenska:** aðfærir
- samheiti:* aðfærivöðvi

Vöðvi sem hreyfir líkamshluta, s.s. útlím, að miðlínu.

angle

- **latína:** angulus
- **íslenska:** horn

Hornlaga líffærishluti.

angle

- **latína:** angulus
- **íslenska:** vik
- samheiti:* krókur

Hornlaga afkimi eða skot í líffæri, s.s. munnvik, augnkrókur.

aperture

- **latína:** apertura
- **íslenska:** op

Tilgreint op á líffæri, líffæris- eða líkamshluta.

aponeurosis

- **latína:** aponeurosis
- **íslenska:** sinafell

Breið bandvefsþynna sem tengir vöðva við bein eða þann líkamshluta sem vöðvinn hreyfir.

arch

- **latína:** arcus
- **íslenska:** bogi

Líffærishluti sem er boginn eða bogmyndaður.

articular cartilage

- **latína:** cartilago articularis
- **íslenska:** liðbrjósk

Brjósk (brjósklag) sem klæðir liðfleti beina í slímuliðamótum.

articular cavity

samheiti: joint cavity

- **latína:** cavitas articularis
- samheiti:* cavum articulare
- **íslenska:** liðhol

samheiti: liðamótahol

Rými (sýndarbil) í liðamótum milli beina, umlukid liðslímu og liðbrjóski.

articular disc

samheiti: articular disk, intra-articular disc

- **latína:** discus articularis
- **íslenska:** liðþófi

Trefjabrjóskþynna sem liggur á milli og aðskilur liðfleti beina í sumum liðamótum.

articular fossa

- **latína:** fossa articularis
- **íslenska:** liðgróf

samheiti: liðamótagróf

Dæld eða lægð í beini sem tekur við liðenda annars beins við liðtengingu í sumum liðamótum.

articular surface

- **latína:** facies articularis
- **íslenska:** liðflötur

Sá flötur á yfirborði beins sem mætir öðru beini í liðamótum.

belly of a muscle

samheiti: muscle belly

- **latína:** venter musculi
- **íslenska:** vöðvabúkur
- samheiti:* búkur

Samdráttarhluti vöðva.

body

- **latína:** corpus
- **íslenska:** bolur

Meginhluti líffæris.

bone

- **latína:** os
- **íslenska:** bein

Aðskilið stoðkerfislíffæri, hluti af beinagrind líkamans. Hart og gert úr trefjabandvef, frumum og lífrænum og ólífrænum steinefnum.

bursa

- **latína:** bursa
- **íslenska:** belgur

Lokað rými (poki), klætt liðslímu og inniheldur liðslím. Finnst gjarnan undir vef (sin) sem gæti annars nuddast beint við beinyfirborð.

canal

samheiti: channel

- **latína:** canalis
- **íslenska:** göng

Mjór gangur í líffæri eða líkamshluta.

canaliculus

samheiti: small canal, small channel

- **latína:** canaliculus
- **íslenska:** smuga

Mjög mjór gangur í líffæri eða líkamshluta.

cartilaginous

samheiti: chondral

- **latína:** cartilagineus
- **íslenska:** brjósk-

Sem varðar brjósk, tengist eða er úr brjóski.

cartilaginous joint

samheiti: cartilaginous articulation

- **latína:** junctura cartilaginea
- samheiti:* articulatio cartilaginea
- **íslenska:** brjóskliður
- samheiti:* brjóskliðamót

Liðamót án liðhols, þar sem liðfletir beina eru samtengdir með brjóskvef.

circumduction

samheiti: cycloduction

- **latína:** circumductio
- **íslenska:** hringsveifla
- samheiti:* hringhreyfing

Hreyfing líkamshluta, s.s. útlims, eftir hringferli.

compartment

- **latína:** compartimentum
- **íslenska:** hólf
- samheiti:* vöðvahólf

Líkamshólf (rými) sem inniheldur samverkandi vöðvahópa, aðskilið og umlukið bandvef.

condyle

- **latína:** condylus
- **íslenska:** hnúfa
- samheiti:* beinhnúfa

Tiltekinn útstæður og bogmyndaður flötur á beini, oftast hluti af liðamótum.

crest

samheiti: ridge

- **latína:** crista
- **íslenska:** kambur

Aflöng upphækkun (hryggur) á yfirborði, einkum á beini.

depressor

samheiti: depressor muscle

- **latína:** depressor
- samheiti:* musculus depressor
- **íslenska:** fellir
- samheiti:* fellivöðvi

Vöðvi sem dregur líkamshluta niður á við.

diaphysis

samheiti: bone shaft

- **latína:** diaphysis
- **íslenska:** beinskaft

Sívalur miðhluti langbeins (útlímabeins).

eminence

- **latína:** eminentia
- **íslenska:** hæð

Tiltekin upphækkun eða útskögun á yfirborði, einkum á beini.

endomysium

- **latína:** endomysium
- samheiti:* perimysium internum
- **íslenska:** vöðvaþráðahula

Fingerður bandvefur sem umlykur einstakar vöðvafrumur

endosteum

samheiti: medullary membrane

- **latína:** endosteum
- **íslenska:** beinþel
- samheiti:* mergholshimna

Bandvefshimna sem klæðir innra borð beins, það sem snýr að mergholi.

epicondyle

- **latína:** epicondylus
- **íslenska:** gnípa
- samheiti:* beingnípa

Upphækkun á eða við liðhnúfu á beini.

epimysium

- **latína:** epimysium
 - samheiti:* perimysium externum
 - **íslenska:** vöðvahula
- Bandvefslag sem umlykur vöðva.

epiphysial plate

samheiti: epiphyseal disk, growth plate

- **latína:** lamina epiphysialis
- **íslenska:** kastþynna

Brjóskþynna sem er til staðar á vaxtarskeiði langbeins (útlímabeins) á milli beinkasts og beinskafs.

epiphysis

- **latína:** epiphysis
- **íslenska:** kast

samheiti: beinkast

Endahluti langbeins (útlímabein) sem næstur er liðamótum. Aðskilinn frá skafti beinsins á vaxtar-skeiði af kastþynnu.

extension

samheiti: extention

- **latína**: extensio
- **íslenska**: réttling

Hreyfing um liðamót sem felur í sér að rétt sé úr lim eða líkamshluta.

extensor

samheiti: extensor muscle

- **latína**: extensor
- samheiti*: musculus extensor
- **íslenska**: réttir
- samheiti*: réttivöðvi

Vöðvi sem réttir úr lim eða líkamshluta um liðamót.

fascia

- **latína**: fascia
- **íslenska**: fell
- samheiti*: vöðvafell

Bandvefslag sem umlykur og aðskilur vöðva og vöðvahópa.

fibrous joint

- **latína**: junctura fibrosa
- samheiti*: articulatio fibrosa
- **íslenska**: bandvefslíður
- samheiti*: trefjavefslíðamót

Liðamót án liðhols, þar sem liðfletir beina eru samtengdir með trefjabandvef.

flexion

- **latína**: flexio
- **íslenska**: beyging

Hreyfing um liðamót sem felur í sér að limur eða líkamshluti sé beygður.

flexor

samheiti: flexor muscle

- **latína**: flexor
- samheiti*: musculus flexor
- **íslenska**: beygir
- samheiti*: beygivöðvi

Vöðvi sem beygir lim eða líkamshluta um liðamót.

foramen

- **latína**: foramen
- **íslenska**: gat

Op í líkamshluta eða líffæri, einkum beini. Leiðir gjarnan æðar eða taugar.

fossa

samheiti: concavity, depression

- **latína**: fossa
- **íslenska**: gróf

Dæld eða lægð, oftast aflöng, í yfirborði líffæris eða líkamshluta.

fovea

samheiti: depression

- **latína**: fovea
- **íslenska**: dæld

Lítill laut í yfirborði líffæris eða líffærishluta.

groove

samheiti: sulcus

- **latína**: sulcus
- **íslenska**: skor

Aflöng gróp eða renna í yfirborði líffæris.

head

- **latína**: caput
- **íslenska**: höfuð

Sver endi líffæris eða líffærishluta sem líkist á vissan hátt höfði.

incisure

samheiti: notch

- **latína**: incisura
- **íslenska**: skarð

Vik inn í yfirborðsbrún eða hlið líffæris, s.s. beins.

insertion

samheiti: attachment, muscular insertion

- **latína**: insertio
- samheiti*: insertio musculi
- **íslenska**: festa
- samheiti*: vöðvafesta

Festing vöðva á bein, venjulega fjarendi vöðvans þar sem hreyfiátakið kemur á beinið.

joint

samheiti: articulation

- **latína**: articulatio
- samheiti*: junctura
- **íslenska**: liðamót
- samheiti*: liður

Mót tveggja eða fleiri beina, oftast hreyfanleg.

joint capsule

samheiti: articular capsule, synovial capsule

- **latína**: capsula articularis
- **íslenska**: liðpoki

Hýði (hjúpur), gert úr ytri bandvefshimnu og innri liðslímu, sem umlykur beinenda og liðhol í slímu-liðamótum.

lateral rotation

samheiti: external rotation

- **latína:** rotatio externa
samheiti: rotatio lateralis
- **íslenska:** útsnúningur

Öxulsnúningur lims eða líkamshluta út frá miðlínu líkamans.

levator

samheiti: levator muscle

- **latína:** levator
samheiti: musculus levator
- **íslenska:** lyftir
samheiti: léttir, lyftivöðvi

Vöðvi sem dregur líkamshluta eða líffæri upp á við.

ligament

- **latína:** ligamentum
- **íslenska:** liðband

Trefjavefsband sem tengir tvö eða fleiri bein á liðamótum.

line

- **latína:** linea
- **íslenska:** lína
samheiti: rák, rönd

Sýnilegt strik, mjór hryggur eða önnur ósýnileg mörk á yfirborði líffæris eða líkamshluta.

margin

- **latína:** margo
samheiti: ora
- **íslenska:** rönd

Brún á líffæri, líffæris- eða líkamshluta.

marrow

samheiti: bone marrow

- **latína:** medulla ossea
samheiti: medulla ossis, medulla ossium
- **íslenska:** beinmergur
samheiti: mergur

Vefur (frumur, bandvefsþræðir og fita) í mergholi beina.

medial rotation

samheiti: internal rotation

- **latína:** rotatio interna
samheiti: rotatio medialis
- **íslenska:** innsnúningur

Öxulsnúningur lims eða líkamshluta að miðlínu líkamans.

medullary cavity

samheiti: bone marrow cavity, medullary canal, medullary space

- **latína:** cavitas medullaris

samheiti: cavum medullare

- **íslenska:** merghol
samheiti: beinmerghol

Það holrými í beini sem inniheldur beinmerg, þ.e. rauðmerg eða gulmerg.

meniscus

samheiti: articular meniscus

- **latína:** meniscus articularis
- **íslenska:** liðmáni

Trefjabrjóskþynna sem liggur milli liðflata beina í sumum liðamótum.

metaphysis

- **latína:** metaphysis
- **íslenska:** falur
samheiti: beinfalur

Sá hluti beinskafts sem liggur næst beinkasti. Á vaxtarskeiði fer beinvöxtur þar fram.

muscle

- **latína:** musculus
- **íslenska:** vöðvi

Líffæri í vöðvavef líkamans sem getur dregist saman og komið af stað hreyfingu líkamshluta.

neck

- **latína:** collum
samheiti: cervix
- **íslenska:** háls

Mjór líffærishluti sem líkist á vissan hátt hálsi.

origin

- **latína:** origo
- **íslenska:** upptök
samheiti: vöðvaupptök

Festing vöðva á bein, venjulega nærrendi vöðvans sem er stöðugur við hreyfiáttak.

part

- **latína:** pars
- **íslenska:** hluti

Tiltekinn hluti af líffæri eða líffærakerfi.

perichondrium

- **latína:** perichondrium
- **íslenska:** brjóskhimna

Bandvefshimna sem klæðir yfirborð alls brjósks nema liðbrjósk.

perimysium

- **latína:** perimysium
- **íslenska:** vöðvaknippishula

Bandvefslag sem umlykur einstök vöðvaknippi (knippi vöðvaþráða).

periosteum

samheiti: periost

- **latína:** periosteum
 - **íslenska:** beinhimna
- Bandvefshimna sem klæðir yfirborð allra beina.

process

- **latína:** processus
 - **íslenska:** klakkur
- Afmörkuð, breið útskögun á yfirborði líffæris, s.s. beins.

process

- **latína:** processus
 - **íslenska:** tindur
- Afmörkuð, mjó útskögun á yfirborði líffæris, s.s. beins.

pronation

- **latína:** pronatio
 - **íslenska:** ranghverfing
- Hreyfing sem felur í sér snúning líkamans eða líkamshluta yfir í andlitslegustöðu.

pronation

- **latína:** pronatio
 - **íslenska:** andlitslega
- Það að liggja með framhlið niður.

pronator

- samheiti:* pronator muscle
- **latína:** pronator
 - **íslenska:** ranghverfir
- samheiti:* ranghverfivöðvi
- Vöðvi sem snýr líkamshluta, s.s. útlím, yfir í andlitslegustöðu.

ramus

- **latína:** ramus
 - **íslenska:** álma
- samheiti:* beinálma
- Útskagi frá meginhluta beins.

red bone marrow

- **latína:** medulla ossium rubra
 - **íslenska:** rauðmergur
- samheiti:* blóðmergur
- Sá vefur í mergholi beina sem myndar og þroskar blóðfrumur.

rotation

- **latína:** rotatio
 - **íslenska:** snúningur
- samheiti:* öxulsnúningur
- Snúningur líkamshluta, s.s. útlims, um öxul.

rotator

samheiti: rotator muscle

- **latína:** rotator
 - **íslenska:** hverfir
- samheiti:* musculus rotator
- Vöðvi sem snýr líkamshluta, s.s. útlím, um öxul.

sinus

- **latína:** sinus
 - **íslenska:** skúti
- Afmarkað holrými í líffæri, líkist helli.

sinus

- **latína:** sinus
 - **íslenska:** stokkur
- Afmarkað holrými í líffæri, líkist hellisgangi.

spine

- **latína:** spina
 - **íslenska:** nibba
- Mjó, skörp eða oddmynduð útskögun á yfirborði.

supination

- **latína:** supinatio
 - **íslenska:** réttthverfing
- Hreyfing sem felur í sér snúning líkamans eða líkamshluta yfir í baklegustöðu.

supination

- **latína:** supinatio
 - **íslenska:** baklega
- Það að liggja á bakinu eða með bakhlið niður.

supinator

- samheiti:* supinator muscle
- **latína:** supinator
 - **íslenska:** rétthverfir
- samheiti:* rétthverfivöðvi
- Vöðvi sem snýr líkamshluta, s.s. útlím, yfir í baklegustöðu.

surface

- **latína:** facies
 - **íslenska:** flötur
- samheiti:* yfirborðsflötur
- Tiltekið svæði á yfirborði líffæris.

suture

- samheiti:* sutura
- **latína:** sutura
 - **íslenska:** saumur
- samheiti:* beinsaumur
- Bandvefslíðamót milli beina, finnast eingöngu í höfuðkúpu.

synarthrosis

- **latína:** synarthrosis
- **íslenska:** samliður

samheiti: samfestuliður

Liðamót þar sem beinin eru fasttengd með brjóski, bandvef eða beini og óhreyfanleg.

synchondrosis

- **latína**: synchondrosis
- **íslenska**: brjósktengsl

Liðamót þar sem beinin eru tengd með brjóski og óhreyfanleg.

synostosis

samheiti: bony union

- **latína**: synostosis
- samheiti*: junctura ossea
- **íslenska**: sambeining

Liðamót þar sem beinin er samvaxin og óhreyfanleg.

synovial joint

samheiti: diarthrodial joint

- **latína**: junctura synovialis
- samheiti*: articulatio synovialis, diarthrosis
- **íslenska**: slímuliður
- samheiti*: liðslímuliðamót

Liðamót þar sem bein mætast með liðholi sem er umlukkið liðpoka með liðslímu (synovium).

synovial membrane

samheiti: synovium

- **latína**: membrana synovialis
- samheiti*: membrana synovialis capsulae articularis, stratum synoviale capsulae articularis
- **íslenska**: liðslíma
- samheiti*: hálahimna, hálahimna liðpoka, liðhimna

Slímmyndandi himna sem klæðir liðpoka liðamóta að innanverðu.

tendon

samheiti: sinew

- **latína**: tendo
- **íslenska**: sin
- samheiti*: vöðvasin

Bandvefsstrengur sem festir vöðva við átakstað á beini.

tuber

samheiti: tuberosity

- **latína**: tuber
- **íslenska**: hnjóskur
- samheiti*: beinhnjóskur

Upphækkun á yfirborði eða afmörkuð fyrirferð, einkum á beini.

tubercle

- **latína**: tuberculum
- **íslenska**: hnjótur

Lítill upphækkun á yfirborði eða afmörkuð fyrirferð, einkum á beini.

tuberosity

- **latína**: tuberositas
- **íslenska**: hrjóna
- samheiti*: beinhrjóna

Upphækkun eða útskögungun á yfirborði, einkum á beini.

yellow bone marrow

- **latína**: medulla ossium flava
- samheiti*: medulla ossea flava
- **íslenska**: gulmergur
- samheiti*: fitumergur

Sá vefur í mergholi beina sem samanstendur að mestu af fituvef.

Stoðkerfi höfuðs

Bein höfuðs

cranium

samheiti: skull

- **latína**: cranium
- **íslenska**: höfuðkúpa
- samheiti*: hauskúpa

Sá hluti beinagrindar sem höfuðbeinin mynda. Er oft skipt í heilakúpu og andlitskúpu.

neurocranium

samheiti: brain box, brain case

- **latína**: neurocranium
- **íslenska**: heilakúpa

Sá hluti höfuðkúpu sem umlykur heila.

viscerocranium

samheiti: facial skeleton, splanchnocranium

- **latína**: viscerocranium
- **íslenska**: andlitskúpa
- samheiti*: iðurkúpa

Sá hluti höfuðkúpu sem myndar beinagrind andlits og kjálka.

skullcap

samheiti: roof of skull

- **latína**: calvaria
- **íslenska**: kúpuhvolf

Hvelfing efst í höfuðkúpu, mynduð úr efri hlutum (skeljarhlutum) ennisbeins, hvirfilbeina og hnakkabeins.

cranial base

samheiti: basicranium

• **latína:** basis cranii

• **íslenska:** kúpbotn

samheiti: höfuðkúpbotn

Beinbotn höfuðkúpuhols, myndaður úr sáldbeini, ennisbeini, fleygbeini, gagnaugabeinum og hnakkabeini.

orbit

samheiti: orbital cavity

• **latína:** orbita

• *samheiti:* cavitas orbitalis

• **íslenska:** augntótt

Beinhellir í andlitshluta höfuðkúpu, umlykur auga. Myndaður af ennisbeini, efri kjálka, fleygbeini, tárabeini, kinnbeini, sáldbeini og gómbeini.

bony nasal cavity

• **latína:** cavitas nasi osseum

samheiti: cavitas nasalis ossea

• **íslenska:** beinaneffhol

Beinhellir í miðju andliti innan nef. Myndað af nefbeinum, sáldbeini, ennisbeini fleygbeini, gómbeinum, efri kjálka, neðri nefskel og plógbeini.

bones of cranium

samheiti: cranial bones

• **latína:** ossa cranii

samheiti: ossa cranialia

• **íslenska:** kúpubein

samheiti: höfuðkúpubein

Öll bein höfuðkúpu. Umlykja heila og mynda beinagrind andlits.

parietal bone

• **latína:** os parietale

• **íslenska:** hvirfilbein

Bein efst og hliðlægt í höfuðkúpu. Annað tveggja beina sem tengjast hvort öðru, ennisbeini, hnakkabeini, gagnaugabeini og fleygbeini með saumum.

frontal bone

• **latína:** os frontale

• **íslenska:** ennisbein

Bein í framhluta höfuðkúpu. Tengist hvirfilbeinum, nefbeinum, sáldbeini, kinnbeinum og efri kjálka með saumum.

occipital bone

• **latína:** os occipitale

• **íslenska:** hnakkabein

Bein í aftasta hluta höfuðkúpu. Tengist hvirfilbeinum, gagnaugabeinum og fleygbeinum með saumum, en leikanda (banakringlu) með liðslímulíðamótum.

sphenoid

samheiti: sphenoidal bone, sphenoid bone

• **latína:** os sphenoidale

• **íslenska:** fleygbein

Bein í botni höfuðkúpu. Tengist hnakkabeini, ennisbeini, sáldbeini, plógbeini, gagnaugabeinum, hvirfilbeinum, kinnbeinum og gómbeinum með saumum.

temporal bone

• **latína:** os temporale

• **íslenska:** gagnaugabein

Bein hliðlægt í höfuðkúpu. Tengist fleygbeini, hvirfilbeinum, hnakkabeini og kinnbeinum með saumum, en neðri kjálka með slímuliðamótum.

ethmoid

samheiti: ethmoidal bone, ethmoid bone

• **latína:** os ethmoidale

• **íslenska:** sáldbein

Bein í framhluta höfuðkúpu. Tengist fleygbeini, ennisbeini, efri kjálka, tárabeinum, gómbeinum, neðri nefskeljum og plógbeini með saumum.

inferior nasal concha

samheiti: inferior turbinated bone

• **latína:** concha nasalis inferior

• **íslenska:** neðri nefskel

Bein á hliðarvegg nefhols. Tengist sáldbeini, tárabeini, efri kjálka og gómbeini með saumum.

lacrimal bone

• **latína:** os lacrimale

• **íslenska:** tárabein

Bein miðlægt í augntótt. Tengist neðri nefskel, sáldbeini, ennisbeini og efri kjálka með saumum.

nasal bone

• **latína:** os nasale

• **íslenska:** nefbein

Tvö bein sem mynda beinagrind nef. Tengjast hvort öðru, ennisbeini, sáldbeini og efri kjálka með saumum.

vomer

• **latína:** vomer

• **íslenska:** plógur

samheiti: plógbein

Bein í nefskipt. Tengist fleygbeini, sáldbeini, efri kjálka og gómbeinum með saumum.

maxilla

samheiti: upper jaw, upper jaw bone

• **latína:** maxilla

• **íslenska:** kinnkjálki

samheiti: efri kjálki

Bein í andlitshluta höfuðkúpu. Tengist ennisbeini, sáldbeini, nefbeinum, kinnbeinum, tárabeinum, neðri nefskeljum, gómbeinum og plógbeini með saumum.

palatine bone

- **latína:** os palatinum
- **íslenska:** gómbein

Tvö bein í harða góminum milli nefhols og munnhols. Tengjast hvort öðru, efri kjálka, neðri nefskel, fleygbeini, sáldbeini og plógbeini með saumum.

zygomatic bone

- *samheiti:* cheek bone, malar bone
- **latína:** os zygomaticum
- **íslenska:** kinnbein

Bein í höfuðkúpu, hliðlægt í miðri andlitskúpu. Tengist ennisbeini, fleygbeini, gagnaugabeini og efri kjálka með saumum.

mandible

samheiti: jaw bone, lower jaw

- **latína:** mandibula
- **íslenska:** kjálki

samheiti: neðri kjálki

Bein í neðanverðu andliti. Liðtengist gagnaugabeinum með liðslímuliðamótum.

Liðamót höfuðs**joints of skull**

samheiti: cranial joints

- **latína:** juncturae cranii
- **íslenska:** liðir höfuðkúpu

samheiti: liðamót höfuðkúpu

Öll liðamót höfuðkúpu, liðslímuliðamót, brjósktengsl og saumar.

cranial sutures

- **latína:** suturae cranii
- samheiti:* suturae craniales
- **íslenska:** kúpusaumur
- samheiti:* höfuðkúpusaumur

Bandvefslíðamótin milli höfuðkúpubeina.

coronal suture

- **latína:** sutura coronalis
- **íslenska:** krúnusaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli ennisbeins og hvirfilbeina.

sagittal suture

- **latína:** sutura sagittalis
- samheiti:* sutura interparietalis
- **íslenska:** þykktarsaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli hvirfilbeina.

lambdoid suture

- **latína:** sutura lambdoidea
- **íslenska:** hnakkasaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli hnakkabeins og hvirfilbeina.

occipitomastoid suture

- **latína:** sutura occipitomastoidea
- **íslenska:** hnakkabeins- og stikilssaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli hnakkabeins og gagnaugabeins.

sphenofrontal suture

- **latína:** sutura sphenofrontalis
- **íslenska:** fleyg- og ennisbeinssaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli ennisbeins og fleygbeins.

sphenoethmoidal suture

- **latína:** sutura sphenoethmoidalis
- **íslenska:** fleyg- og sáldbeinssaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli fleygbeins og sáldbeins.

sphenosquamous suture

- **latína:** sutura sphenosquamosa
- **íslenska:** fleygbeins- og skeljarhlutasaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli fleygbeins og skeljarhluta gagnaugabeins.

sphenoparietal suture

- **latína:** sutura sphenoparietalis
- **íslenska:** fleyg- og hvirfilbeinssaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli fleygbeins og hvirfilbeins.

squamous suture

samheiti: squamoparietal suture

- **latína:** sutura squamosa
- samheiti:* sutura squamoparietalis, sutura squamosa cranii
- **íslenska:** skeljasaumur höfuðkúpu
- samheiti:* skeljasaumur hausjúpu

Beinmót í höfuðkúpu milli skeljarhluta gagnaugabeins og hvirfilbeins.

parietomastoid suture

- **latína:** sutura parietomastoidea
- **íslenska:** hvirfilbeins- og stikilssaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli hvirfilbeins og stikils gagnaugabeins.

frontonasal suture

- **latína:** sutura frontonasalis
- **íslenska:** ennis- og nefbeinssaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli ennisbeins og nefbeina.

frontoethmoidal suture

- **latína:** sutura frontoethmoidalis
- **íslenska:** ennis- og sáldbeinssaumur

Beinmót í höfuðkúpu milli ennisbeins og sáldbeins.

frontomaxillary suture

- **latína:** sutura frontomaxillaris
 - **íslenska:** ennisbeins- og kinnkjálkasaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli ennisbeins og efri kjálka.

frontolacrimal suture

- **latína:** sutura frontolacrimalis
 - **íslenska:** ennis- og tárabeinssaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli ennisbeins og tárabeins.

frontozygomatic suture

- **latína:** sutura frontozygomatica
 - **íslenska:** ennis- og kinnbeinssaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli ennisbeins og kinnbeins.

zygomaticomaxillary suture

- **latína:** sutura zygomaticomaxillaris
 - **íslenska:** kinnbeins- og kinnkjálkasaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli kinnbeins og efri kjálka.

ethmoidomaxillary suture

- **latína:** sutura ethmoidomaxillaris
 - **íslenska:** sáldbeins- og kinnkjálkasaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli sáldbeins og efri kjálka.

ethmoidolacrimal suture

- **latína:** sutura ethmoidolacrimalis
 - **íslenska:** sáld- og tárabeinssaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli sáldbeins og tárabeins.

sphenovomerine suture

- **latína:** sutura sphenovomerialis
 - *samheiti:* sutura sphenovomeriana
 - **íslenska:** fleygbeins- og plógssaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli fleygbeins og plógbeins.

sphenozygomatic suture

- **latína:** sutura sphenozygomatica
 - **íslenska:** fleyg- og kinnbeinssaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli fleygbeins og kinnbeins.

sphenomaxillary suture

- **latína:** sutura sphenomaxillaris
 - **íslenska:** fleygbeins- og kinnkjálkasaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli fleygbeins og efri kjálka.

temporozygomatic suture

- **latína:** sutura temporozygomatica
 - **íslenska:** gagnauga- og kinnbeinssaumur
 - *samheiti:* kinnbogasaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli gagnaugabeins og kinnbeins.

internasal suture

- **latína:** sutura internasalis
 - **íslenska:** nefbeinasaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli nefbeina.

nasomaxillary suture

- **latína:** sutura nasomaxillaris
 - **íslenska:** nefbeins- og kinnkjálkasaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli nefbeins og efri kjálka.

lacrimomaxillary suture

- **latína:** sutura lacrimomaxillaris
 - **íslenska:** tárabeins- og kinnkjálkasaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli tárabeins og efri kjálka.

lachrimoconchal suture

- **latína:** sutura lacrimoconchalis
 - **íslenska:** tárabeins- og nefskeljarsaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli tárabeins og neðri nefskeljar.

intermaxillary suture

- **latína:** sutura intermaxillaris
 - **íslenska:** kinnkjálkasaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli kinnkjálkabeina, þ.e. vinstri og hægri efri kjálka.

palatomaxillary suture

- **latína:** sutura palatomaxillaris
 - **íslenska:** gómbeins- og kinnkjálkasaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli gómbeins og efri kjálka.

palatoethmoidal suture

- **latína:** sutura palatoethmoidalis
 - **íslenska:** góm- og sáldbeinssaumur
- Beinmót í höfuðkúpu milli gómbeins og sáldbeins.

median palatine suture

- **latína:** sutura palatina mediana
 - **íslenska:** miðsaumur góms
- Beinmót í höfuðkúpu milli gómbeina.

transverse palatine suture

- **latína:** sutura palatina transversa
 - **íslenska:** þversaumur góms
- Beinmót í höfuðkúpu milli efri kjálka og gómbeina.

cranial synchondroses

- **latína:** synchondroses cranii
samheiti: synchondroses craniales
 - **íslenska:** kúpubrjósktengsl
samheiti: höfuðkúpubrjósktengsl
- Brjósikliðamót milli tiltekinna höfuðkúpubeina.

cranial synovial joints

- **latína:** articulationes cranii
samheiti: articulationes synoviales cranii
- **íslenska:** hálaliðir höfuðkúpu
Slímuliðamót milli tiltekinna beina höfuðkúpu.

temporomandibular joint

- samheiti:* jaw joint, mandibular joint
- **latína:** articulatio temporomandibularis
 - **íslenska:** kjálkaliður
samheiti: kjálkaliðamót
- Slímuliðamótin milli kjálkahöfuðs neðri kjálka og kjálkagrófar gagnaugabeins.

articular disc of temporomandibular joint

- samheiti:* temporomandibular articular disc
- **latína:** discus articularis articulationis temporomandibularis
samheiti: discus articularis temporomandibularis
 - **íslenska:** liðþófi kjálkaliðar
- Bandvefs- og brjósþófi sem skiptir kjálkalið í efri og neðri liðamót.

Vöðvar höfuðs**muscles of head**

- **latína:** musculi capitis
 - **íslenska:** höfuðvöðvar
- Vöðvar höfuðs, þ.e. andlits- og tyggingarvöðvar.

facial muscles

- samheiti:* muscles of facial expression
- **latína:** musculi faciei
samheiti: musculi faciales
 - **íslenska:** andlitsvöðvar
- Vöðvar í andliti. Hreyfa andlit og framkalla svipbrigði.

epicranius

- samheiti:* epicranial muscle, scalp muscle
- **latína:** musculus epicranius
 - **íslenska:** höfuðleðursvöðvi
- Samsettur vöðvi í höfuðleðri. Skiptist í hnakka- og ennisvöðva og gagnauga- og hvirfilvöðva. Hreyfir höfuðleður, hrukkar enni og lyftir eyrum og augabrúnum.

occipitofrontalis

- samheiti:* occipitofrontalis muscle, occipitofrontal muscle
- **latína:** musculus occipitofrontalis
 - **íslenska:** hnakka- og ennisvöðvi
- Vöðvi í höfuðleðri, hluti af höfuðleðursvöðva. Hreyfir höfuðleður, hrukkar enni og víkkar augnrifur.

epicranial aponeurosis

- samheiti:* galea aponeurotica
- **latína:** galea aponeurotica
samheiti: aponeurosis epicranialis
 - **íslenska:** sinafellshetta
- Sinafell í höfuðleðri. Tengir búka hnakka- og ennisvöðva.

temporoparietalis

- samheiti:* temporoparietalis muscle, temporoparietal muscle
- **latína:** musculus temporoparietalis
 - **íslenska:** gagnauga- og hvirfilvöðvi
- Vöðvi í höfuðleðri, hluti af höfuðleðursvöðva. Hreyfir höfuðleður og lyftir eyrum.

procerus

- samheiti:* procerus muscle
- **latína:** musculus procerus
 - **íslenska:** krangavöðvi
- Vöðvi í andliti við nefrót. Dregur augabrúnir niður og nefhúð upp.

nasalis

- samheiti:* nasalis muscle, nasal muscle
- **latína:** musculus nasalis
 - **íslenska:** nefvöðvi
- Vöðvi í andliti, hliðlægt við nef. Spannir nasa-vængi.

depressor septi nasi

- samheiti:* depressor muscle of septum, depressor septi nasi muscle
- **latína:** musculus depressor septi nasi
 - **íslenska:** fellivöðvi miðsnesis
- Vöðvi í andliti við nef. Dregur nefskipt niður, víkkar nasir.

orbicularis oculi

- samheiti:* orbicularis oculi muscle, orbicular muscle of eye
- **latína:** musculus orbicularis oculi
 - **íslenska:** hringvöðvi auga
- Vöðvi í andliti og augnlokum. Lokar augum, dregur andlitshúð að augnrifum.

corrugator supercilii

samheiti: corrugator supercilii muscle, wrinkler muscle of eyebrow

- **latína:** musculus corrugator supercilii

- **íslenska:** brúnayggglivöðvi

samheiti: yggglivöðvi augabrúna

Vöðvi í andliti, miðlægt við augabrúnir. Dregur augabrún að miðju og niður.

depressor supercilii

samheiti: depressor muscle of eyebrow, depressor supercilii muscle

- **latína:** musculus depressor supercilii

- **íslenska:** fellivöðvi augabrúnar

Vöðvi í andliti miðlægt við augabrún. Dregur augabrún niður.

auricularis anterior

samheiti: anterior auricular muscle, auricularis anterior muscle

- **latína:** musculus auricularis anterior

- **íslenska:** fremri eyravöðvi

Vöðvi í andliti við eyra. Dregur ytra eyra upp og fram.

auricularis superior

samheiti: auricularis superior muscle, superior auricular muscle

- **latína:** musculus auricularis superior

- **íslenska:** efri eyravöðvi

Vöðvi í andliti við eyra. Dregur ytra eyra upp.

auricularis posterior

samheiti: auricularis posterior muscle, posterior auricular muscle

- **latína:** musculus auricularis posterior

- **íslenska:** aftari eyravöðvi

Vöðvi í andliti við eyra. Dregur ytra eyra upp og aftur.

orbicularis oris

samheiti: orbicularis oris muscle, orbicular muscle of mouth

- **latína:** musculus orbicularis oris

samheiti: musculus sphincter oris

- **íslenska:** hringvöðvi munns

Vöðvi í andliti umhverfis munn. Lokar munn og setur stút á varir.

depressor anguli oris

samheiti: depressor anguli oris muscle

- **latína:** musculus depressor anguli oris

- **íslenska:** fellivöðvi munnviks

Vöðvi í andliti við munn. Dregur munnvik niður.

transversus menti

samheiti: transverse muscle of chin, transversus menti muscle

- **latína:** musculus transversus menti

- **íslenska:** hökuþvervöðvi

samheiti: þvervöðvi höku

Vöðvi í andliti við munn. Dregur munnvik niður.

risorius

samheiti: risorius muscle

- **latína:** musculus risorius

- **íslenska:** brosvöðvi

Vöðvi í andliti við munn. Dregur munnvik til hliðar og lengir munnrifu.

zygomaticus major

samheiti: greater zygomatic muscle, zygomaticus major muscle

- **latína:** musculus zygomaticus major

- **íslenska:** stærri kinnvöðvi

Vöðvi í andliti við munn. Dregur munnvik upp og til hliðar.

zygomaticus minor

samheiti: lesser zygomatic muscle, zygomaticus minor muscle

- **latína:** musculus zygomaticus minor

- **íslenska:** minni kinnvöðvi

Vöðvi í andliti við munn. Dregur efri vör upp og til hliðar.

levator labii superioris

samheiti: elevator muscle of upper lip, levator labii superioris muscle

- **latína:** musculus levator labii superioris

- **íslenska:** lyftivöðvi efrivarar

Vöðvi í andliti við munn. Dregur efri vör upp.

levator labii superioris alaeque nasi

samheiti: elevator muscle of upper lip and wing of nose, levator labii superioris alaeque nasi muscle

- **latína:** musculus levator labii superioris alaeque nasi

- **íslenska:** lyftivöðvi efrivarar og blæstar

samheiti: lyftivöðvi efrivarar og nasavængs

Vöðvi í andliti við nef og efri vör. Lyftir efri vör og nasavæng (blæst).

depressor labii inferioris

samheiti: depressor labii inferioris muscle, depressor muscle of lower lip

- **latína:** musculus depressor labii inferioris

- **íslenska:** fellivöðvi neðrivarar

Vöðvi í andliti við munn. Dregur neðri vör niður.

levator anguli oris

samheiti: elevator muscle of corner of mouth, levator anguli oris muscle

- **latína:** musculus levator anguli oris
- **íslenska:** lyftivöðvi munnviks

Vöðvi í andliti við munn. Lyftir munnviki.

buccinator

samheiti: buccinator muscle, cheek muscle

- **latína:** musculus buccinator
- **íslenska:** vangavöðvi

Vöðvi í andliti við munn. Spennir kinn og dregur munnvik til hliðar.

mentalis

samheiti: chin muscle, mentalis muscle

- **latína:** musculus mentalis
- **íslenska:** hökuvöðvi

Vöðvi í andliti, á höku. Lyftir neðri vör.

masticatory muscles

samheiti: muscles of mastication

- **latína:** musculi masticatorii
- **íslenska:** tyggingarvöðvar

Þeir vöðvar sem hreyfa neðri kjálka við tyggingu.

masseter

samheiti: masseter muscle

- **latína:** musculus masseter
- **íslenska:** tyggivöðvi

Vöðvi hliðlægt á höfði. Hreyfir um liðamót neðri kjálka, lyftir kjálka (og þrýstir neðri tönnum að þeim efri).

temporalis

samheiti: temporalis muscle, temporal muscle

- **latína:** musculus temporalis
- **íslenska:** gagnaugavöðvi

Vöðvi hliðlægt á höfði. Hreyfir um liðamót neðri kjálka, lyftir kjálka og dregur aftur.

lateral pterygoid muscle

samheiti: external pterygoid muscle

- **latína:** musculus pterygoideus lateralis
- **íslenska:** hliðlægur vængklakksvöðvi

Vöðvi hliðlægt á höfði. Hreyfir um liðamót neðri kjálka. Dregur kjálkahöfuð fram til að opna munn.

medial pterygoid

samheiti: internal pterygoid muscle, medial pterygoid muscle

- **latína:** musculus pterygoideus medialis
- **íslenska:** miðlægur vængklakksvöðvi

Vöðvi hliðlægt á höfði. Hreyfir um liðamót neðri kjálka. Lyftir kjálka og hreyfir til hliðar.

Stoðkerfi háls**Bein háls****hyoid bone**

- **latína:** os hyoideum

- **íslenska:** málbein

samheiti: tungubein

Bein í ofan- og framanverðum hálsi. Liðtengist ekki. Ber upptök og festur margra hálsvöðva.

Vöðvar háls**muscles of neck**

samheiti: neck muscles

- **latína:** musculi colli

samheiti: musculi cervicis

- **íslenska:** hálsvöðvar

Þeir vöðvar sem tilheyra hálsi. Annast hreyfingar háls hryggjar, höfuðs og málbeins. Hafa áhrif á hálsnúð, hálsfell, neðri kjálka, efsta rif, barkakýli og skjaldkirtil.

platysma

samheiti: platysma muscle

- **latína:** platysma

samheiti: musculus platysma

- **íslenska:** flesjuvöðvi

Vöðvi í framanverðum hálsi. Strekkir hálsnúð, dregur neðri vör og munnvik niður.

longus colli

samheiti: long muscle of neck, longus colli muscle

- **latína:** musculus longus colli

samheiti: musculus longus cervicis

- **íslenska:** langur hálsvöðvi

samheiti: langi hálsvöðvi

Vöðvi í hálsi framan hryggjar. Beygir háls hrygg fram, sveigir til hliðar og veldur hliðarsnúningi.

longus capitis

samheiti: long muscle of head, longus capitis muscle

- **latína:** musculus longus capitis

- **íslenska:** langur höfuðvöðvi

samheiti: langi höfuðvöðvi

Vöðvi í hálsi framan hryggjar. Beygir höfuð fram.

scalenus anterior

samheiti: anterior scalene

- **latína:** musculus scalenus anterior

- **íslenska:** fremri léttivöðvi

Vöðvi hliðlægt í hálsi. Lyftir fyrsta rífi.

scalenus medius

samheiti: middle scalene

- **latína:** musculus scalenus medius
- **íslenska:** mið-léttivöðvi

Vöðvi hliðlægt í hálsi. Lyftir fyrsta rífi.

scalenus posterior

samheiti: posterior scalene

- **latína:** musculus scalenus posterior
- **íslenska:** aftari léttivöðvi

Vöðvi hliðlægt í hálsi. Lyftir fyrsta rífi.

scalenus minimus

samheiti: smallest scalene muscle

- **latína:** musculus scalenus minimus
- **íslenska:** minnsti léttivöðvi

Vöðvi hliðlægt í hálsi. Lyftir fyrsta rífi. Finnst ekki hjá öllum mönnum.

sternocleidomastoid

samheiti: sternocleidomastoid muscle

- **latína:** musculus sternocleidomastoideus
- **íslenska:** höfuðvendivöðvi

samheiti: bringu-, viðbeins- og stikilsvöðvi

Vöðvi hliðlægt í hálsi. Beygir háls hrygg fram, snýr og hallar höfði til hliðar.

rectus capitis anterior

samheiti: anterior rectus capitis

- **latína:** musculus rectus capitis anterior
- **íslenska:** fremri beinn höfuðvöðvi

Vöðvi í hálsi framan hryggjar. Beygir höfuð fram um leikanda- og hnakkabeinslið.

rectus capitis lateralis

samheiti: lateral rectus capitis

- **latína:** musculus rectus capitis lateralis
- **íslenska:** hliðlægur beinn höfuðvöðvi

Vöðvi í hálsi framan hryggjar. Hallar höfði til hliðar.

rectus capitis posterior major

- **latína:** musculus rectus capitis posterior major

- **íslenska:** stærri aftari beinn höfuðvöðvi

Vöðvi í aftanverðum hálsi. Réttir höfuð upp og snýr til hliðar.

rectus capitis posterior minor

- **latína:** musculus rectus capitis posterior minor

- **íslenska:** minni aftari beinn höfuðvöðvi

Vöðvi í aftanverðum hálsi. Réttir höfuð upp.

obliquus capitis superior

samheiti: obliquus capitis superior muscle, superior oblique muscle of head

- **latína:** musculus obliquus capitis superior

- **íslenska:** efri skávöðvi höfuðs

Vöðvi í aftanverðum hálsi. Réttir höfuð upp og hallar til hliðar.

obliquus capitis inferior

